

## Úr Tíðavísium

Angurssaga ullum brands  
oili бага norðanlands;  
gleðitóninn minnka má  
mannatjónið fjöllum á.  
Ríklundaðir rekkar þá  
Reynistaðarklaustri frá  
sendir fjórir, sem með skil  
sauða fóru kaupa til.  
Hér um sveitir feingu féð  
fyrðar teitir kaupi með,  
fjölguðu manni, fimta beim,  
ferðast þanninn vildu heim.  
Norður Kjalveg langa leið  
lögðu halir hausts um skeið;  
feigu stríðu fjör-þurðar,  
fregnast síðan dauðir þar.

Séra Jón Hjaltalín (1749–1835)

## Reynistaðabræður

»Okkur finna enginn má  
undir fannar hjarni;  
daga þrjá yfir dauðum ná  
dapur sat hann Bjarni.«\*

Þótt fögur séu fjöllin vor,  
feikn þau marga geyma,  
um fannir liggja freðin spor,  
feigðin á þar heima.

Er á stað þeir fóru, fól  
fáði silfri jörðu;  
þegar upp þeir komu' á Kjöl,  
kóf með frosti hörðu.

Skóf á tindum, sköflum hlóð,  
skáraði vindur fannir,  
vagarleysu villislóð  
vafði snjóahrannir.

Rann nú sól og rekkum fól  
rökkur jökulkolla,  
á eyðibóli ekkert skjól,  
og ei þeir hittu *Polla*.

Á Kjalshrauni við skútaskafll  
skatnar loksins tjalda;  
vex um nætur vetrarafl,  
víst þeir höfðu kalda.

Löng var nótt og lítt var rótt,  
lengst þeir svefni hafna,  
kaldri' úr drótt því dregur þrótt  
dauðans bróðir jafnan.

Frosið niður fennti tjald,  
feiga bræður hylur;  
gáfu þeir sig guði' á vald;  
grenjaði norðanbylur.

Fönnin reis svo fast og hátt,  
frá varð snjó ei mokað,  
dauðans stóðu dyr á gátt,  
dyrum tjalds var lokað.

Svefninn annar sætan hlaut,  
sá til lífs ei vaknar, –  
en á Bjarna bætti þraut  
bróður að hann saknar.

Vakti á þriðja dag uns dó –  
draums svo innir sagan –  
yfir líki og undir snjó,  
urðu það langir dagar.

Gröf er bræðra botnfrosin,  
búið af drottni' um moldir;  
ísa' ei þrotnar umbúðin,  
aldrei rotnar holdið.

Grímur Thomsen (1820–1896)

\* Draumvísa. Sagan segir að systur þeirra bræðra hafi dreymt að Bjarni, eldri bróðirinn, kæmi til sín og kvæði þetta.

## Úr Áföngum

Liðið er hátt á aðra öld;  
enn mun þó reimt á Kili,  
þar sem í snjónum bræðra beið  
beisklegur aldurtíli;  
skuggar lyftast og líða um hjarn  
líkt eins og mynd á þili;  
hleypur svo einn með hærusekk,  
hverfur í dimmu gili.

Jón Helgason (1899–1986)

## Jón Austmann ríður frá Reynistaðarbræðrum

Langt heim til manna, myrkar hríðar og ströng  
mörg vötn tálma leiðum, hann kvað, við bíðum  
þó daufleg sé vistin; drjúg munu hraunin og breið  
en dreifður reksturinn; þó er böll ef við gistum  
hinzt hér á Kili.

Liðu dægur og dimm  
dundu veður á tjaldi. Fannbarðar kindur  
norpuðu í gjótum, klárar hímdu í höm  
hraktir og svangir. – Þó ei mér til byggða skili  
skal freistað að leita manna, því nú er nóg  
nauð okkar orðin, hann mælti. Geig sló að hinum  
er fór hann. Þeir biðu. Svo tygjaði' hann tröllaukinn hest  
hjá tjaldinum, kvaddi, var horfinn í sama bili.

Hann fann brátt stórviðrið æsast, ýlfrandi slá  
ísköldum éljum í vit sín, magna sér kraft  
og þrautseigju, vekja útsjón um bjarta byggð  
breiða dali með sólskin á hverju þili  
en fann það líka binda sig böndum við þá  
Sem biðu í tjaldinu, sterkum, mörgum, og von  
þeirra um líf eins og þunga á herðum unz varð  
þeirra líf allt.

Hann reið yfir hraunin og loks  
er klárinn nam staðar þar dunaði í djúpum hyl  
dimmt fljót sagði hann glaður: ó byggð, ó líf!  
Reið áfram til norðurs. Hraustlega hélt um taum  
sú hönd sem fannst dauð og ein niðrí Blöndugili.

Hannes Pétursson (1931)

## Á Kili 1780

Upp móti brattanum  
ákveðnir, sterkir  
hiklaust og án þess  
að horfa til baka  
né malda í móinn

þeir hafa nú riðið  
og rekið sitt fé  
sem örmagna leggst  
í ískaldan snjóinn.

Það gustar um svæðið –

í grásvörtu kófi  
þeir búast til hvílu  
og bylurinn magnast enn.  
Þeir skjálfa um stund ...

uns skefur að tjaldinu –

norðanbeljandinn  
breiðir sinn þykka  
og dúnmjúka feld  
yfir dauðþreytta menn.

Og tíminn er kyrr –  
svo tínast þeir burtu  
einn af öðrum  
og yfirgefa  
hið torfæra, náhvíta torg –

og skilja eftir  
í skammdegismyrkinu  
helköld líkin  
hugarvíl, óvissu  
sársauka, ótta og sorg.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson  
frá Vaðbrekku (1944)